

Fjölmenningarráð Hafnarfjarðar

Verkefnastjóri fjölmenningar leggur til að breyting verði gerð á samþykkt fyrir fjölmenningarráð Hafnfirðinga.

Stærsta breytingin er að lagt er til að skipað sé í ráðið fram að næstu sveitarstjórnarkosningum. Þar sem tveir væru skipaðir af fjölskylduráði, tveir einstaklingar skipaðir af félagasamtökum sem starfa að málefnum innflytjenda og einn einstaklingur af erlendum uppruna úr hópi starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, allir búsettir í Hafnarfirði og jafnmargir til vara. Þá væri þeim sem nú eiga sæti í ráðinu boðið að starfa í eitt ár til viðbótar frá skipun í nýtt ráð.

Þetta tónar vel við málefnasamningur Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og óháðra í Hafnarfirði þar sem fram kemur: *Starf fjölmenningarráðs verður tekið til skoðunar með það að markmiði að það hafi styrk til að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni og hagsmuni innflytjenda.*

Verði tillagan samþykkt tekur verkefnastjóri fjölmenningar að sér að vera í sambandi við félagasamtök til þess að athuga áhuga þeirra á að tilnefna einstaklinga í ráðið og fulltrúa starfsmanna af erlendum uppruna.